



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Rvk. 20. febrúar 2007

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, 541. mál þingsins.

Frumvarp þetta er unnið af nefnd félagsmálaráðherra sem Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í. Sátt var meðal allra nefndarmanna um efni frumvarps þessa og mæla Samtök atvinnulífsins með samþykkt þess.

Samtök atvinnulífsins hafa undanfarin ár unnið markvisst að því með viðsemjendum sínum að tryggja stöðu erlendra starfsmanna og eftirlit með launakjörum þeirra. Við gerð kjarasamninga í mars/apríl 2004 voru kaupaxtar iðnaðarmanna og verkafólks færðir að greiddu kaupi á vinnumarkaðnum, m.a. með stöðu erlendra starfsmanna í huga, og jafnframt var gert samkomulag um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði þar sem fjallað er um meginreglur um starfskjör útlendinga, upplýsingaskyldu um laun og önnur starfskjör og sérstaka samráðsnefnd ASÍ og SA. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir ríkum rétti trúnaðarmanna stéttarféлага, eða annars fulltrúa stéttarfélags ef trúnaðarmaður er ekki á vinnustað, til að yfirfara gögn hjá fyrirtækjum um laun og önnur starfskjör erlendra starfsmanna. Eiga þér rétt á að sjá launaseðla og önnur gögn sem staðfesta launagreiðslur og önnur starfskjör. Ef ekki næst að upplýsa mál innan fyrirtækis er heimilt að vísa því til samráðsnefndar ASÍ og SA sem fer yfir málið, krefst nauðsynlegra gagna og leiðir ágreining til lykta. Samkomulagi þessu var veitt lagastoð með lögum nr. 145/2004 um breytingu á lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl. og gildir þar með einnig fyrir atvinnurekendur sem standa utan Samtaka atvinnulífsins og launamenn sem standa utan stéttarféлага.

Með lögum nr. 54/2001 um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja var starfsmönnum erlendra fyrirtækja, þ.á m. starfsmönnum erlendra starfsmannaleiga, tryggður réttur til lágmarkslauna skv. íslenskum kjarasamningum. Samstarfsnefnd ASÍ og SA gékk hins vegar erfiðlega að fá upplýsingar um launakjör þessara starfsmanna enda launin greidd skv. erlendum ráðningarsamningum inn á erlenda bankareikninga af fyrirtækjum sem lítt þekkja til íslenskrar löggjafar. Hafa verður í huga að 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör



launafólks o.fl. felur í sér reglu sem undirritaður telur að ekki eigi sér fordæmi í öðrum Evrópulöndum, þ.e. að atvinnurekendur utan samtaka atvinnurekenda séu bundnir af launum og öðrum starfskjörum sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafa samið um í kjarasamningum. Því er ekki sjálfgefið að erlend fyrirtæki þekki til þessarar reglu og einnig eru dæmi um að þau hafi andmælt gildi hennar á grundvelli Evrópuréttarins.

Nefnd félagsmálaráðherra um starfsemi starfsmannaleiga, sem SA og ASÍ áttu aðild að, samdi drög að lagafrumvarpi um starfsmannaleigur sem samþykkt var sem lög frá Alþingi nr. 139/2005. Með því var aukið mjög eftirlit með starfsemi starfsmannaleiga en ASÍ og SA voru þó sammála um að draga þyrfti úr eftirspurn eftir þjónustu starfsmannaleiga. Hvetja þyrfti til beinna ráðninga til íslenskra fyrirtækja þar sem mun tryggara væri að greitt væri skv. lögum og kjarasamningum og auðvelt væri að fylgjast með efndum. Aðilar voru sammála um að aukin starfsemi starfsmannaleiga hefði haft skaðleg áhrif á íslenskan vinnumarkað sem byggir á beinum, ótímabundnum ráðningum og sveigjanlegum reglum um ráðningarslit.

Það var því mjög mikilvægt skref þegar Alþingi samþykkti að framlengja ekki takmarkanir á frjálsri för launafólks frá átta nýjum ríkjum ESB eftir 1. maí 2006. Slíkar takmarkanir hefðu einungis haft í för með sér blómstrandi starfsemi starfsmannaleiga með þeim skaða sem það hefði haft í för með sér fyrir íslenskan vinnumarkað. Það er í raun óskiljanlegt þegar því er haldið fram að takmarkanir á frjálsri för hefðu bætt eftirlit með streymi erlends launafólks til landsins eða gagnast vinnumarkaðnum og þar með samfélaginu á einhvern hátt.

Síðastliðið sumar hófst vinna í nefnd félagsmálaráðherra sem ætlað var að styrkja stöðu erlendra starfsmanna á vinnumarkaði. Í þeirri vinnu voru m.a. lagðar til grundvallar tillögur SA og ASÍ og landssambanda þess frá júní 2006 vegna erlendra starfsmanna, gerviverktöku, opinberra innkaupa og lögbrota í atvinnustarfsemi. Nefndin hófst þegar handa við að semja drög að því frumvarpi sem nú liggur fyrir félagsmálanefnd. Þar sem mörg ákvæði frumvarpsins eiga sér ekki hliðstæðu í löggjöf annarra Evrópulanda þá var mikil vinna lögð í að kanna þær heimildir sem einstök ríki hafa til að setja reglur á sviði þjónusturéttarins. Eins komu fram nýjar tillögur í nefndinni til að bæta stöðu erlendra starfsmanna sem aðilar þurftu að taka afstöðu til. Fyrir vikið náðist ekki að ljúka gerð frumvarpsdraga innan settra tímamarka. Þess í stað liggur fyrir Alþingi vandaðra frumvarp en ella.

Þótt frumvarp þetta gangi nokkuð lengra en tillögur SA og ASÍ frá júní 2006 þá byggist það á góðri sátt aðila vinnumarkaðarins. SA mæla því með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA